

Starfsáætlun leikskólans

Reykjakots 2024 – 2025



Efnisyfirlit	
Formáli	2
1. Ávarp leikskólastjóra	3
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	4
2.1 Innra mat. Matsáætlanir – Langtíma og skammtíma áætlanir	4
2.2 Innra mat síðasta skólaárs– niðurstöður og umbótaáætlun.....	5
2.3 Ytra mat - Niðurstöður og umbótaáætlanir	6
3. Áherslur í starfi leikskólans	8
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár	9
4. Starfsmannamál	9
4.1 Starfsmannahópurinn 1. september	9
4.2 Starfsþróunarsamtöl	9
4.3 Símenntun síðasta árs	10
4.4 Símenntunaráætlun	10
5. Aðrar upplýsingar	10
5.1 Barnahópurinn 1. september	10
5.2 Foreldrasamvinna	10
5.3 Samstarf við aðra skóla og stofnanir	10
5.4 Almennar upplýsingar	11
5.5 Ýmsar hátíðir og hefðir.....	11
5.6 Áætlanir.....	11
Fylgirit	12
Skóladagatal 2023-2024.....	12

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og matsáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannahald.
- Fjöldi barna, fjöldi deilda, fjöldi virkra tungumála
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir skólaárið.

1. Ávarp leikskólastjóra

Starfsárið 2024-2025 á Reykjakoti. Starfsárið hefst í ágúst með aðlögun barna. Hægt og rólega notum við ágúst og september til að innrita og aðlaga ný börn. Á sama tíma eru börn voru með vistun að aðlagast á nýjar deildir. Í ágúst voru ráðningar ekki fullkláraðar fyrir haustið og auglýsingar eftir starfsfólki voru úti. Gæfan var með okkur og við náðum að ráða inn í öll stöðugildi fyrir 1. September 2024. Á sama tíma og börn eru að aðlagast er starfsfólk skólans að aðlagast nýju starfsári. Sumir færast milli deilda, nýjir koma og aðrir eru áfram á sínum stað. Við leggjum áherslu á að búa til teymi á hverri deild sem geta unnið saman út skólaárið. Það reynir á starfsfólk og stjórnendur en gengur að öllu jöfnu upp og jafnvægi komið á í lok september.

Í Litlakoti er þáttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnum sínum í leikskólanum í daga og leiða þau í gegnum daginn með stuðningi starfsfólks. Í Stórakoti er hefðbundin aðlögun þar sem foreldrar koma með börnum sínum, dvelja styttra með þeim og smátt og smátt lengist viðvera þessara barna.

Framkvæmdir eru á eldhúsi Reykjakots þar sem rís nýbygging. Mikil þrengsli eru Stórakoti og leiksvæði barna talsvert skert þar sem salur er notaður undir mötuneyti og kaffistofu.

Skráningadagar hafa gengið vel, það er þáttaka foreldra í breytingunum eru mjög góðar. Hins vegar er lítil áhugi starfsfólks á að vinna aukalega þegar þessir dagar eru og mikið um að afleysing/tímavinnustarfsfólk taki þessar vaktir.

Reykjakot Mosfellsbær

Þórunn Ósk Þórarinsdóttir, leikskólastjóri

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat. Matsáætlanir – Langtíma og skammtíma áætlanir

Matsþættir	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Stjórnun	Leikskólabragur	Innra mat
2023-2024 Leikurinn – Leikefni – aðgengi að leikefni – aðstaða fyrir leik Hlutverk starfsmanna	Þekking starfsmanna og viðhorf til leiks barna	Þátttaka starfsmanna Starfsþróun	Skipulag leikskólans	Viðhorf starfsmanna. Tækifæri starfsmanna til samvinnu og skoðanaskipta	
2024-2025 Skólastarfið og skólanámskrá	Endurskoðun á skólanámskrá	Þátttaka allra starfsmanna í skólanámskrágerð		Skólaþróun	Gerð umbótaáætlana og gagnsemi þeirra
2025-2026 Fagmennska kennara og símenntun	Símenntunaráætlanir og starfsþróun starfsmanna	Starfsþróun og starfsánægja	Stuðningur við starfsmenn		
2026-2027 Stjórnunarhættir	Hlutverk stjórnenda	Upplýsingamiðlun innan leikskólans. Teymisvinna	Hlutverk deildarstjóra	Samstarf og samvinna	
2027-2028 Innra og ytra mat. Öflun gagna. Umbótaáætlanir	Skipulag mats og gagnaöflun	Matsteymi og þátttakendur í mati			Opinber birting á niðurstöðum mats.

.2 Innra mat síðasta skólaárs– niðurstöður og umbótaáætlun

Innra mati skólans var frestað að mestu leyti síðasta skólaár. Þetta kom til af ýmsum ástæðum. Bæði vegna mikilla framkvæmda sem skólinn hefur staðið frammi fyrir og einnig vegna mannabreytinga. Við stefnum á að endurvekja þennan þátt á komandi skólaári.

Gerð var umbótaáætlun í kjölfar skólapúlsins og birtist hún hér:



Skólapúls 2024-umbótaáætlun Reykjakot

Umbætur	Aðgerðir	Tímasetning	Ábyrgð	Endurmat
Betra upplýsingaflæði til foreldra varðandi starfið í leikskólanum	Hver deild sendir/birtir í byrjun hvers mánaðar dagatal með viðburðum komandi mánaðar. Síðan er sent/ birt fréttabréf í lok mánaðar.	Byrjar í ágúst 2024	Skólastjórnendur/ Deildarstjórar	Janúar 2025
Betra upplýsingaflæði til foreldra í lok hvers dags.	Hver deild skrifar á töflu í forstofu helstu atriði dagsins.	Byrjar vor 24	Deildarstjórar/ starfsfólk	Janúar 25
Virkja betur notkun í Vala	Hvetja foreldra áfram til að hlaða niður appinu Vala. Minnt á þetta í foreldraviðtölum.	Vetur 2024-2025	Skólastjórnendur /Deildarstjórar	Maí 2025
Leikskólabyrjun/ Aðlögun	Útbúinn kynningarbæklingur um aðlögun og honum dreift til foreldra og starfsfólks.	Haustið 2024	Skólastjórnendur/ Deildarstjórar	Nóv 24
Móttaka barna að morgni dags	Jákvæði og hreyfanleiki.	Veturinn 24-25	Deildarstjórar/ Starfsfólk	Nóv 24

2.3 Ytra mat - Niðurstöður og umbótaáætlanir

2.3.1 Skólapúlsinn

2.3.1 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn foreldrakönnun var lagður fyrir í febrúar 2024. Umsjón með framkvæmd Skólapúlsins var Kristlaug Þ Svavarsdóttir.

Þátttaka foreldra var mjög góð eða 86,1 %.

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	85,5%	47/55	4,5%	91,8%	4562/4955	-6,3%*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	92,7%	51/55	5,4%	93,6%	4831/5136	-0,9%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	97,5%	39/40	8,4%	94,8%	3056/3224	2,7%
1.4. Sérþarfir í mataræði	18,3%	11/60	5,4%	14,4%	758/5260	3,9%
1.5. Hollt mataræði	93,0%	53/57	-2,5%	93,8%	4856/5169	-0,8%
1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	62,7%	37/59	-9,8%	87,0%	4648/5327	-24,3%*

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	78,4%	29/37	13,4%	88,1%	3002/3382	-9,7%*
2.2. Aðstaða	81,8%	36/44	6,2%	91,7%	3924/4259	-9,9%*
2.3. Félagsleg samskipti	86,0%	37/43	3,9%	94,3%	3917/4140	-8,3%*
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	95,1%	39/41	5,8%	96,7%	3394/3507	-1,6%

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	75,5%	37/49	15,1%	78,3%	3473/4406	-2,8%
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	72,7%	40/55	12,4%	81,6%	4058/4948	-8,9%*
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	85,7%	48/56	-0,5%	93,5%	4671/4991	-7,8%*
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	69,4%	34/49	2,7%	78,4%	3517/4472	-9,0%
3.5. Tímasetning viðburða	88,9%	48/54	12,2%	89,5%	4247/4738	-0,6%
3.6. Heimasíða leikskólans	77,8%	35/45	-5,2%	82,5%	3366/4020	-4,7%
3.7. Leikskólasmáforrit	71,9%	41/57	-	82,4%	4165/5037	-10,5%*

Í opnum spurningum kom fram mikið af fallegum hvatningarorðum sem og ábendingum.

Það er ljóst af þessum niðurstöðum að ýmislegt þarf að bæta en hæst ber þó upplýsingamiðlun til foreldra. Bæði hvað varðar stefnu skólans sem og daglegt líf barnanna í leikskólanum. Þetta er eitt af stóru verkefnum næsta skólaárs.

2.3.2 Starfsmannakönnun Mosfellsbæjar

Nýbreytni í mælingum á starfsánægju. Moodup sem er sent reglulega í síma starfsfólks og stjórnendur fá sendar niðurstöður.

Púlsmælingarnar kortleggja veigamestu áhrifaþætti starfsánægju



Helgun

Metnaður í starfi og jákvæð viðhorf til vinnuveitanda



Samband við jafningja

Traust, samskipti og samstarf við samstarfsfólk



Samband við yfirmann

Traust, samskipti og samstarf við yfirmann



Samskipti

Upplýsingagjöf og gæði samskipta við samstarfsfólk og yfirmenn



Vöxtur í starfi

Sjálfsþæði, krefjandi hlutverk og tækifæri til frampróunar



Aðbúnaður

Starfsumhverfi, þjálfun, álag, ferlar, tæki og tól



Samsvörun

Tenging við sýn, markmið og gildi vinnustaðarins



Heilsa og velliðan

Streita, aðbúnaður og heilbriggt starfsumhverfi



Ánægja

Sanngirni, skýrar væntingar og ánægja með hlutverk



Viðurkenning

Gæði og tíðni viðurkenninga fyrir vel unnin störf

Getur stjórnendum skjótari tækifæri til að bregðas við niðurstöðum þessi leið hefur reynst okkur flókin þar sem erfitt er að nálgast starfsfólk eitt og sér og svara eða bregðast við.

Spurningar

Styrkleikar

Veikleikar

DRIFKRAFTUR	SPURNING	SVÖR	EINKUNN	Δ	123	DREIFING
Heilsa og vellíðan	Vinnuveitanda mínum er annt um líkamlega og andlega heilsu mína	87	 7,6	+0,4		
Vöxtur í starfi	Vinnuveitandi minn veitir mér stuðning til þess að bæta mig og þróast áfram í starfi	89	 7,6	+0,4		
Vöxtur í starfi	Frammistaða mín er metin á sanngjarnan hátt	85	 7,6	+0,4		
Helgun	Ég legg mikið á mig til að sinna starfi mínu vel	101	 9,1	+0,3		
Heilsa og vellíðan	Mér finnst starfsöryggi gott hjá vinnuveitanda mínum	82	 8,0	+0,3		

Spurningar

Styrkleikar

Veikleikar

DRIFKRAFTUR	SPURNING	SVÖR	EINKUNN	Δ	123	DREIFING
Helgun	Ég stefni á að ná auknum starfsframa á þessum vinnustað	99	 7,7	-0,8		
Vöxtur í starfi	Stöðuhækkarnir eru sanngjarnar hjá vinnuveitanda mínum	79	 6,4	-0,6		
Samskipti	Mér líður vel með að segja yfirmanni skoðanir mínar	88	 8,0	-0,4		
Heilsa og vellíðan	Ég fæ stuðning við að takast á við streitu í vinnunni	76	 6,8	-0,3		
Vöxtur í starfi	Þetta er góður vinnustaður fyrir aukinn frama minn í starfi	78	 7,1	-0,3		

Stjórnendur eru að læra á matstækið og starfsfólk er enn að læra á matsþætti og hvaða áhrif svör þeirra hafa.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Í nálægð við náttúruna-þróunarverkefni

Leikurinn er í hávegum hafður í Reykjakoti þar sem hann er námsleið barna, börn læra best í gegnum leik. Nám þar sem lögð er áhersla á sköpun, hæfni, virkni og frumkvæði. Þannig viljum við í Reykjakoti starfa. Staðsetning skólans hefur mótandi áhrif. Hann er í nálægð við náttúruna. Skógur, Varmá, Fellin. Við í Reykjakoti trúum því að útivera og sérstaklega græn svæði hafi jákvæð áhrif á heilsu okkar og líðan. Við viljum halda áfram að auka hlut sköpunar í tengslum við náttúruna. Allt sem hægt er að gera inni er líka hægt að gera úti. Með ráðningu myndlistarkennara að Reykjakoti höfum við náð að festa myndlist og sköpun betur í sessi. Næstu skref eru að byggja á því sem er nú þegar til staðar og kynnast náttúrunni enn betur, vinna verkefni út í náttúrunni, safna náttúrulegum efnivið til listsköpunar og virkja alla starfsmenn. Skólaárið 24-25 ætlum við að bæta inn nýjum námsþætt sem er hreyfing og slökun. Áhersla verður lögð á 4-5 ára börn með markvissri kennslu en vitund starfsfólks um mikilvægi þessara þátta nær yfir allan skólann.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. september

Starfsmenn eru 23 talsins.

Leikskólakennarar 2

Sérkennari 1

Framhaldsskólakennari 1 Myndlist

Önnur háskólamenntun 4 (deildarstjórar)

Matreiðslumaður 1

Almennt starfsfólk 14

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl eru haldin á hverri vorönn. Þessi samtöl eru trúnaðarsamtöl milli starfsmanns og stjórnenda. Markmið starfsþróunarsamtala er að ræða líðan og frammistöðu starfsmanns og gefst starfsmanni tækifæri til að láta vita ef eitthvað má betur fara. Niðurstöður eru nýttar til að færa til betri vegar það sem bent er á og kemur fram, hvort sem það snertir leikskólann eða starfsmanninn.

4.3 Símenntun síðasta árs

- Deildarstjórar fóru á námskeið **Deildarstjórinn sem faglegur leiðtogi í leikskólastarfi** sem Menntafléttan stóð fyrir. Það styrkti deildarstjóra og dýpri skilningur kom með hlutverki deildarstjóra. Allir starfsmenn tóku þátt í **fræðsludegi Mosfellsbæjar**. Hinsegir fræðsla frá samtökum 78. Allir starfsmenn fóru á myndlistarnámskeið á vegum Helgu Jóhannesdóttir myndlistakennara á Reykjakoti.
- Stjórnendur fóru á Solihull námskeið

4.4 Símenntunaráætlun

Allir starfsmenn

- Innleiðing farsældarlaga- fræðsla
- Fræðsludagur Mosfellsbæjar

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. september

Í Reykjakoti þann 1. September 2024 eru alls 81 börn á aldrinum 1 árs – 5 ára, fædd 2019 -2032. Þau skiptast niður á 5 deildir, Mel, Mýri, Móa, Birki og Ösp. Það eru 20 börn með annað móðurmál en íslensku. Önnur tungumál en íslenska í barnahópnum er pólska, spænska, enska, ítalska,ungverska búlgaríska, írská, arabíska.

5.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð var kosið í september. Í foreldraráði sátu 4 fulltrúar foreldra. Haldnir voru 3 fundir skólaárið 2023-2024. Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og annað sem viðkemur málum skólans. Ráðið fer yfir allar breytingar t.d. á skóladagatali.

Foreldrasamtöl eru haldin tvisvar á skólaári eða einu sinni á önn í nóvember og mars/apríl. Fyrirkomulagið hefur verið þannig að foreldrum er boðið upp á símasamtal eða teams samtal við deildarstjóra. Hvert samtal er ca. 15-20 mín. Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög vel og foreldrar og starfsfólk ánægt. Þetta fyrirkomulag er í höndum hvers og eins deildarstjóra.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og eru allir foreldrar félagar í því. Á hverju hausti er haldinn aðalfundur þar sem dagskrá skólaársins er kynnt og gjald vetrarins ákveðið. Félagið sér um vorhátíðina, kaupir jólapakka frá jólasveininum og aðrir uppákomur eftir hugmyndum þeirra hverju sinni.

5.3 Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Á hverju ári fer elsti árgangur skólans í skólaheimsóknir í grunnskólana. Bókasafn Mosfellsbæjar hefur einnig boðið börnunum í heimsókn. Elsti árgangur skólans fer í eina til tvær ferðir á hjúkrunarheimilið Hamra og syngur með fólkinu þar. Sumarleikskólinn er samstarfsverkefni leikskóla Mosfellsbæjar, þá sameinast allir leikskólar á einn leikskóla.

5.4 Almennar upplýsingar

Innritun barna hófst 12. ágúst og byrjaði stærsti hluti barnanna þá. Einnig var aðlögun fyrir yngstu börnin 19. Ágúst og 2. september. Alls innrituðust 25 börn í Reykjakot haustið 2024.

Skóladagatal skólans er aðgengilegt á heimasíðu skólans og er svo sent foreldrum að hausti.

5.5 Ýmsar hátíðir og hefðir

Afmæli barna: Þegar börn eiga afmæli höldum við upp á það. Börnunum á deildinni er boðið upp á ávexti og fær afmælisbarnið kórónu og sungin er afmælissöngur.

Dótadagar: Þeir eru fyrsta föstudag í mánuði. Þá daga mega börnin koma með eitt leikfang að heiman.

Bleikur dagur: Er haldin um miðjan október. Þá skreytum við með bleikum lit og klæðumst bleikum fötum.

Hrekkjavaka: Er haldin hátíðleg með því að börn og starfsfólk mætir í búningum og haldið er ball.

Dagur íslenskrar tungu/Afmæli Lubba: Þann dag er Lubbakaffi í skólanum og foreldrum boðið.

Jólin: Um leið og aðventan gengur í garð förum við að huga að jólnum. Við syngjum jólalög og börnin búa til jólagjafir handa foreldrum. Við höldum jólaball þar sem jólasveinninn kemur í heimsókn með pakka handa hverju barni og borðaður er hátíðarmatur.

Vasaljósadagur: Í janúar ár hvert höldum við vasaljósadag þar sem börnin mega koma með vasaljós að heiman og við lýsum upp svartasta skammdegið.

Dagur leikskólans: Við höldum upp á daginn með því að skreyta skólann með listaverkum barnanna og höfum opið hús fyrir foreldra og bjóðum í foreldrakaffi.

Þorablót: Á bóndadaginn er boðið upp á íslenskan þorramat. Börnin fönndra þorrakórónur og mega mæta lopapeysum ef þau kjósa svo.

Bolludagur – Sprengidagur – Öskudagur:

Við fögnum bolludeginum með fiskibollum í hádeginu og gómsætum rjómabollum í nónhressingu. Á sprengidag belgjum við okkur út af saltkjöti og baunum, samkvæmt gamalli hefð. Á öskudaginn er búningadagur og haldið ávaxtafjör.

Vorhátíð: Í júní er haldin vorhátíð í boði foreldrafélagsins. Hátíðin er haldin utandyra þar sem margt skemmtilegt er í boði. Grillaðar pylsur og farið í sknúðgöngu og leiki.

5.6 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

Viðbragðsáætlun við.

- slysum
- áföllum
- annað

- Rýmingaráætlun
- Öryggishandbók
- Jafnréttisáætlun

Fylgirit

- Skóladagatal

Skóladagatal 2024-2025